

Skólaráðsfundur miðvikudaginn 10. febrúar 2021

Á fundinn mættu Sólveig Jónsdóttir skólastjóri, Auður Jónsdóttir og Sigríður Sigmundsdóttir fulltrúar kennara, Brynja Ingólfssdóttir fulltrúi annarra starfsmanna skólans, Ingibjörg Helga Jónsdóttir og Alma Dröfn Benediksdóttir fulltrúar foreldra, Linda Björk Árnadóttir fulltrúi nærsamfélagsins og Margrét Ósk Friðriksdóttir og Christine Lea Fregiste fulltrúar nemenda.

Skólastjóri setti fund og bauð alla velkomna.

1. Öryggi og aðbúnaður

Öryggishandbókin er tilbúin og er inni á heimasíðu sveitarfélagsins undir Heilbrigði og velferð. Sólveig sagði frá því að fulltrúi frá vinnueftirlitinu hefði komið og mun hann senda gátlista til skólans til að fara yfir þau atriði sem þurfa að vera í lagi. Skólalóðin er komin í ferli og er úttekt á henni árlega. Næsta úttekt verður í júní.

2. Innra mat, spurningakönnun til foreldra/forráðamanna nemenda

Þessi liður er geymdur til næsta fundar.

3. Heimasíðan sem upplýsingamiðill til foreldra

Heimasíðan verður frekar geymslustaður fyrir upplýsingar heldur en til að miðla upplýsingum dags daglega. Umræða varð um að hún mætti vera betri og aðgengilegri. Fésbókarsíða og tölvupóstur verður frekar notað til upplýsingajafar.

4. Skólareglur

Skólareglur eru enn í vinnslu. Skólaráðsfulltrúar fá send drög að reglunum til sín til að skoða fyrir næsta fund og verða reglurnar til umræðu á þeim fundi.

5. Aðgerðaráætlun gegn einelti og ofbeldi

Aðgerðaráætlunin var send til fundarmanna til lestrar og umsagnar. Sólveig fór aðeins í gegnum skjölin. Farið betur yfir þennan lið á næsta fundi.

6. Samstarf heimilis og skóla

Það kom fram að ekkert foreldri hefði komið með athugasemdir til fulltrúa foreldranna. Bæta inn í skjalið að foreldrum/forráðamönnum verði kynnt niðurstaða kannananna. Samantekt á niðurstöðum verður send foreldrum/forráðamönnum en síðan verður boðað til formlegs fundar til að kynna niðurstöðurnar og ræða þær. Skólaráðin samþykkti skjalið.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið.

Sigríður Sigmundsdóttir ritari.